

**Mál nr. 247/2019****M og  
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu er ljósastaur féll á bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.7.2019, ásamt fylgigögnum og síðari gögnum móttæknum 8.8.2019.  
Bréf V, dags. 31.7.2019, og síðari athugasemdir, dags. 20.8.2019.

**Málsatvik.**

Eftir hádegi 22. mars 2019 var lögreglan á A kvödd að tilteknu bifreiðastæði í bænum þar sem hús utan um ljós á ljósastaur hafði fallið ofan á þak bifreiðar (B) í eigu M. Í skýrslu lögreglu segir að líklegast sé að staurinn hafi fallið vegna hvassviðris sem gekk yfir A á umræddum tíma. Ökumaður B kvaðst hafa verið nýbúinn að leggja bifreiðinni á bifreiðastæðinu og stíga út úr henni þegar staurinn hafi fallið á þak B. Húsvörður í nærliggjandi húsi tjáði lögreglu að komið hafi fyrir að bifreiðum væri bakkað á ljósastaurinn þannig að burðargeta hans gæti hafa veikst. Einnig væri ljósastaurinn framleiddur úr álblöndu í þeim tilgangi að hann gæfi eftir ef ekið er á hann. Því þoli staurinn ekki mikið tjón. Starfsmenn frá rafverktaka og orkuveitufyrirtæki í A komu á vettvang, aftengdu staurinn og söguðu í sundur þar sem hann hafði brotnað. Á fyrirbyggjandi ljósmyndum má sjá að skilti hefur hangið á ljósastaurnum.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins á B af völdum ljósastaurins úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Undir rekstri málsins hefur M aflað upplýsinga hjá þýskum framleiðanda ljósastaura sem hann kveður vera framleiðanda ljósastaurins sem féll á B. Samkvæmt upplýsingum framleiðandans munu staurar af venjulegri gerð („standard poles“) sem hann framleiðir ekki vera gerðir til að bera skilti („signs“). V hefur mótmælt að gögn þessi hafi sönnunargildi í málinu, þar sem ekkert liggi fyrir í málinu um að staurinn sem féll á B sé frá þessum framleiðanda né heldur að verið sé að fjalla um sams konar staur og féll á B.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sérstök rannsókn hafi farið fram á staurnum í því skyni að ganga úr skugga um hverjar hafi verið orsakir þess að hann féll á B. Þannig liggur ekkert fyrir um það hvort hann hafi verið haldinn framleiðslugalla, ekki haft nægilegt burðarþol til að bera skilti eða hann kunni að hafa veikst sökum þess að búið hafi verið að aka á hann áður. Í þessu sambandi geta upplýsingar frá þýskum framleiðanda ljósastaura, sem M aflaði, ekki upplýst málið að þessu leyti, enda ekkert í gögnum málsins sem varpar ljósi á að í umfjöllun framleiðandans sé verið að fjalla um ljósastaut nákvæmlega sömu gerðar og féll á B. Þá er heldur ekkert komið fram í gögnum málsins að starfsmenn A hafi vitað eða mátt vita að hætta hafi verið á að staurinn myndi falla. Verður því að telja ósannað að tjónið á B megi rekja til atvika sem A getur borið ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins A hjá V.

Reykjavík, 3. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.